

HÚSÖNDIN

49.tbl. 2.árg.
6.feb.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 7. FEBRÚAR-13.FEBRÚAR

- 7.2 *Kristján Snær Friðriksson*
11.2 *Guðný Jónsdóttir*
12.2 *Marta Lugowska*
13.2 *Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir*



Birkir Fanndal hlaut titilinn „Snagi mánaðarins” fyrir janúarmánuð. Bikarinn er veittur þeim sem kemur oftast í bað í hverjum mánuði og Birkir kom 26 sinnum í janúar. Samkeppnin er gríðarleg en einungis munaði einu skipti á Birki og næsta á eftir. Birkir gaf góðfúslegt leyfi fyrir myndatöku og hér sést hann í gegnum gluggann á gufunni okkar. Hlökkum til að sjá hvernig febrúar fer!



Íbúafundur um gerð Umferðaröryggisáætlunar fyrir Skútustaðahrepp

Íbúafundur um umferðaröryggismál í Skútustaðahreppi verður haldinn í Skjólbrekku **mánudaginn 11. febrúar n.k. kl. 20:00** á vegum stýrihóps um verkefnið.

Í október í fyrra gerði Skútustaðahreppur samning við Samgöngustofu um gerð Umferðaröryggisáætlunar og er íbúafundurinn liður í þeirri vinnu þar sem óskað er eftir þátttöku íbúa við gerð hennar. Tilgangur Umferðaröryggisáætlunar er m.a. að auka vitund íbúa um umferðaröryggi og fá þá að borðinu til að vinna að bættu umferðaröryggi, áætlunin myndar heildarsýn og samhengi í umferðaröryggisvinnu.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

- | | |
|--|--|
| 1. Helgi Héðinsson, oddviti | Opnun |
| 2. Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri | Hvers vegna gerð
Umferðaröryggisáætlunar? |
| 3. Hópavinna | Umræðustjórar |
| 4. Samantekt hópavinnu | Umræðustjórar |

Mývetningar eru hvattir til þess að mæta og taka þátt í vinnunni sem verður grunnur að væntanlegri Umferðaröryggisáætlun. Bent er á að hægt að nálgast slysakort fyrir Skútustaðahrepp á vef Samgöngustofu; <https://www.samgongustofa.is/umferd/tolfraedi/slysatolur/slysakort/>.

Stýrihópur um gerð Umferðaröryggisáætlunar fyrir Skútustaðahrepp

Brúðkaup!

Gaman-drama á Breiðumýri

Leikdeild Eflingar frumsýnir gamanleikinn **Brúðkaup**, eftir Guðmund Ólafsson í félagsheimilinu á Breiðumýri í Reykjadal **laugardaginn 9. febrúar** klukkan **16:00**. Leikstjóri er Vala Fannell og tónlistarstjóri Jaan Alavere.

Verkið fjallar um brúðkaup og veislu sem haldin er í félagsheimili á Norðurlandi og ýmsa óvænta atburði því tengdu.

Sýningar:

- Frum sýning – laugardagur 9. febrúar kl. 16:00
2. sýning – sunnudagur 10. febrúar kl. 16:00
3. sýning – föstudagur 15. febrúar kl. 20:30
4. sýning – sunnudagur 17. febrúar kl. 20:30
5. sýning – fimmtudagur 21. febrúar kl. 20:30
6. sýning – sunnudagur 24. febrúar kl. 16:00
7. sýning – fimmtudagur 28. febrúar kl. 20:30
8. sýning – sunnudagur 3. mars kl. 20:30

Miðaverð:

- Fullorðnir kr. 3000.-
Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-
Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2700,-

**Miðapantanir eru í
síma 618-3945
eða á
leikdeild@leikdeild.is**

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrétt á kr. 3900.- Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

AÐALFUNDUR

Félag eldri Mývetninga heldur aðalfund sinn,
miðvikudaginn 13.febrúar kl. 13:30
í stofu eldri borgara í íþróttamiðstöðinni.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6. grein laga félagsins.
Rétt til þess að gerast félagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri
eða eftirlaunaaldri hafi þeir náð honum fyrr
og einnig makar þeirra þó yngri séu.

Nánari upplýsingar veita:

Ásdís Illugadóttir, s: 846-7392, Ásta Lárusdóttir, s: 897-4322
og Halldór Þ. Sigurðsson, s: 897-4499.

Nýir félagar ávallt velkomnir.
Stjórnin.



SUMARSTARF HJÁ JARÐBÖÐUNUM VIÐ MÝVATN

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kviku.

Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útavakt, þrif, símaþjónusta og annað sem til fellur. Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn og þá verður viðkomandi að hafa gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum. Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er mikill kostur. Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til mannaúts- og markaðsstjóra Jarðbaðanna á netfangið ragnhildur@jardbodin.is

Jarðböðin er ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Fyrirtækið var stofnað 2004 og hefur með árunum fest sig í sessi í hjórtum heimamanna og ferðafólks hvaðan af úr heiminum. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem metnaður og þjónustulund eru höfð að leiðarljósi og markmiðið er ávallt að tryggja gestum einstaka upplifun.

